

# ÞÝSK VÖLUSPÁ

## I

Sumarið 1919 spáði þýsk völva því, sem nú er fram komið, að 1924 mundu hagar manna á Þýskalandi fara að batna. Þýskur læknir, dr. G. Lomer, skrifar um þessa völuspa, sem nær til 1935. Um 1925 segir völvann, að muni koma fram halastjarna, sem verði mjög stórkostleg, og hafi þessi sama stjarna sést um Krists fæðing. Samfara stjörnu þessari segir hún verði stórtíðindi í jarðskjálftum, illviðrum o.fl., og hygg ég að fæst af því muni fram koma. Um 1930 segir hún að gerðar verði á Þýskalandi mjög stórkostlegar uppgötvanir, sem muni bæta mjög atvinnulífið. En annar maður skyggn, sem rannsakað hefir spá hennar, segir að þetta verði 1926—28. Þykir mér spá þessi mjög eftirtektarverð, og hygg ég að eftir muni ganga. Hin ágæta völva, frú v. Ferriem spáði því fyrir aldamót, að eftir styrjöld mjög miklu stórkostlegri en nokkur hefði áður verið, mundu koma fram ný náttúruvísindi, og verða síðan gagngerð breyting til batnaðar á högum mannkynsins. Og í bókinni Towards the Stars (Áleiðis að stjörnunum) eftir H. D. Bradley, er sagt frá því, að framliðinn læknir, dr. Barnett, hafi sagt fyrir mjög stórkostlegar og skjótar framfarir í vísindum 1926-7. Þykir mér bókinni Towards the Stars, mjög merkilegt tákni tímanna, því að þar er frá því sagt, hvernig framliðnum hefir tekist að fá miðil til að skrifa, að framhald lífsins sé á stjörnunum. Er þar að byrja að rætast, það sem sagt er fyrir í Nýal s. 332. En hinar stórkostlegu og skjótu framfarir í þekkingu, sem spáð er úr ýmsum áttum, munu nú einmitt verða í því fólgnar, og af því leiða, að menn fara að þiggja sumar íslenskar uppgötvanir.

Eftir jarðskjálftana kringum 1925, segir völvan fyrir loftslagsbreytingu svo mikla, að á Þýskalandi verði suðrænn gróður. Samskonar spá hefi ég heyrt af vörum íslensks miðils, sem var alveg ókunnugt um hina þýsku völuspá. Var því spáð, að hér á landi mundu eftir nokkur ár geta vaxið perutré, og segi einhver að sú spá sé ótrúleg mjög, þá mun ég ekki mótmæla því.

## II

Einna merkilegastur þykir mér lokakafli völuspár þessarar. Þar segir, að við norðurheimskautið, þ.e. hinumegin við heimskautið, muni finnast frumþjóð (eða þjóð af frumætt: Urrasse). Og svo heldur hún áfram þannig: Í nánd við sjálft heimskautið er stór yfirmannkynsþjóð, sem fyrir löngu hefir komið á sambandi við íbúa annarra stjarna.

Orðalagið á þessum niðurlagskafla er mjög eftirtektarvert: Am Nordpol, d. h. jenseits des Poles ... in der Nähe des Poles selbst. Það er mjög greinilegt, að það er verið að berjast við að koma einhverju fram, sem þó ekki tekst að fá völvana til að hafa rétt. En gerla má skilja, hver sú spá er, sem flytja skal. Það er verið að reyna að fá völuna til að segja það fyrir, að mannkynið fari bráðum að uppgötva Íslandinga, þessa þjóð, sem ein hefir varðveitt tungumál þeirrar aðalsættar, sem átti að hefja mannkynið á hærra stig. Og ekki er síst fróðlegt að sjá vikið á það, að hér á Íslandi hefir verið uppgötvað sambandið við íbúa annarra stjarna. En þó mun vera blandað nokkuð málum, þannig, að einnig sé vikið að yfirmannkyni því á annarri stjörnu, sem er að reyna að koma á sambandi við oss jarðbúa, til þess að afstýrt verði þeirri glötun, sem svo lengi hefir verið til stefnt, og aldrei eindregnar en nú fyrir ekki löngu, þar sem verið var að undirbúa ófrið, ennþá ægilegri en nokkurn sem verið hefir.

## III

Það eru býsna eftirtektarverð tíðindi, sem nú eru að gerast á jörðu hér, og ekki síst fyrir þá, sem vita, að vér jarðarbúar

erum ekki einir í heimi hér, og að viðburðir mannkynssögunnar fara mjög eftir því, hvort góðir eða illir íbúar annarra stjarna hafa hér fremur áhrif. Og væri nú skemmtilegt að mega gera ráð fyrir því, að lesendur mínir notuðu svo sína góðu greind, að miðaði til að greiða fyrir góðum tíðindum, en tefja ekki. En það er óhætt að trúna mér til þess, að það er töf að því að treysta mér ekki, og halda, að ég sé svo fávís, að fara með staðleysur í slíku stórmáli, og svo óvandaður, sem ég þyrfti að vera, til þess að reyna að fá menn til að halda, að ég hefði þekkingu á efnum, sem ég vissi þó ekkert meira um, en áður hefði vitað verið. Og ég vil biðja menn að íhuga mjög rækilega, að það er að vera í liði með hinum illu verum, og styðja að illum viðburðum, að meta sannleik sem villu. Að vera á móti sannleikanum er að vera á móti guði.

3. okt. '24.